



Landbúnaðarnefnd Blönduóssbæjar FUNDUR – 16. nóvember 2006

Fundur haldinn í landbúnaðarnefnd fimmtudaginn 16. nóvember kl. 14,00 að Hnjúkabyggð 33 “dómsal”. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Erindi frá Skagabyggð.
2. Greinargerð um refavinnslu.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Erindi frá Skagabyggð.
Gauti Jónsson setti fund og las upp bréf frá oddvita Skagabyggðar. Þar er rætt um viðhald Skrapatunguréttar og hvernig skipta beri kostnaði við það. Óskar oddviti eftir fundi með fulltrúum Blönduóssbæjar til að ræða þessi mál. Landbúnaðarnefnd sér að svo komnu máli ekki ástæðu til að breyta fyrirkomulagi á skiptingu kostnaðar við viðhald Skrapatunguréttar, en er tilbúin til að hitta fulltrúa Skagabyggðar til viðræðna.
2. Greinargerð vegna grenjavinnslu.
Formaður lagði fram veiðiskýrslu frá refa- og minnkaskyttum eftir sumarið. Skýrslurnar voru greinagóðar en æskilegt væri að fá einnig lýsingu á grenjaleitinni.
3. Önnur mál.
Rætt var um meðferð mála er varða graðhest sem var í stóðinu í Skrapatungurétt í haust.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Gauti Jónsson
Þórður Pálsson

Fundi slitið.

Anna Margrét Jónsdóttir